

Tíminn

Utgefandi: Framsóknarflokkurinn
 Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórn: Þórarinn Þórarinnsson, Elías Snæland Jónsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsjónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökullsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Halldór Valdimarsson, Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson, Jónas Guðmundsson, Kristinn Hallgrímsson, Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (Íþróttir), Skaffi Jónsson. Útlits-teiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson, Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Agústsson, Elin Ellertsdóttir. Myndasafn: Eycló Stefánsdóttir. Prófkjör: Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir. Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 5.00. Askriftagjald á mánuði: kr. 85.00 — Prentun: Bláðaprent h.f.

Sextíu ára stríð Morgunblaðsins

■ Síðan danskættaðir kaupmenn flæmdu Vilhjálmi Finsen frá Morgunblaðinu og ráku Þorstein Gíslason nokkru síðar, hefur stefna blaðsins verið óbreytt. Í sextíu ár hefur það verið meginmarkmið Morgunblaðsins að halda uppi hatursáróðri gegn samvinnufélagsskapnum og reynt að stöðva framgang hans á allan hátt.

Í tilefni af því, að Sambandið hefur keypt meirihluta hlutabréfa í fiskiðjuveri á Vestfjörðum hefur ritstjórn Morgunblaðsins eins og tryllst. Svo algerlega hefur Mbl. sleppt sér síðustu vikurnar, að ekki hefur verið að finna neitt samræmi í málflutningi þess. Aðeins örfá dæmi skulu nefnd.

Morgunblaðið segist vera andvigt taprekstri hjá útflutningsiðnaðinum og gera verði ráðstafanir til að koma í veg fyrir hann. Á sama tíma krefst það, að Sambandið noti óskylda sjóði til þess að halda slíkum taprekstri áfram.

Morgunblaðið segist vera andvigt ríkisrekstri og vaxandi þátttöku ríkisins í atvinnurekstrinum. Á sama tíma krefst það þess, að ríkið fái hlutdeild í iðnaðarrekstri Sambandsins í samræmi við hinar almennu ráðstafanir, sem kunna að verða gerðar til að rétta hlut útflutningsiðnaðarins.

Morgunblaðið segist vera fylgjandi samkeppni og andvigt höftum, en krefst þess svo, að dregið verði eins konar járnþjald milli samvinnurekstrar og einkarekstrar til að hindra alla útfærslu á samvinnurekstrinum utan þessa járnþjalds. Slíkt járnþjald væri alger haftastefna.

Þannig mætti rekja þetta áfram. Það er engu líkara en að ritstjórn Mbl. gangi af göflunum og sjái ekki mótsetningarnar í málflutningi sínum, þegar þeir eru að hamast gegn samvinnuhreyfingunni.

Samvinnurekstur og einkarekstur hafa starfað hlið við hlið í meira en öld. Það var upphaflega reynt að tefla þeim fram sem miklum andstæðum, einkum meðal einkaframtaksmanna. Að miklu leyti er þeim áróðri nú hætt, því að þjóðin hefur lært, að hún getur hagnast af báðum þessum rekstrarformum og samkeppni milli þeirra.

Akureyri er ágætt dæmi um þetta. Akureyri er réttilega talin mesti samvinnubær á Íslandi. En samvinnustarfið hefur ekki útrýmt einkarekstrinum þar. Á Akureyri eru fjölmörg blómleg einkafyrirtæki, sem beint og óbeint hafa notið þess, að samvinnufélagsskapurinn hefur eflt atvinnulífið og í framhaldi af því hafa skapast tækifæri fyrir einkarekstur á ýmsum sviðum.

Samvinnuhreyfingin hefur orðið mörgum dugandi einkarekstrarmönnum mikilvæg stoð. Þess má t.d. minnast, að Ingvar Vilhjálmsson sem reist hefur eitt glæsilegasta fiskiðjuver landsins, átti góð skipti við þáverandi útflutningsdeild Sambandsins, þegar hann var að komast yfir fyrsta hjallann í fiskvinnslunni.

Það eru nóg verkefni fyrir framtakssamanfélagsrekstur og einkarekstur á Íslandi. Félög og einstaklingar eiga að keppa að því að leysa þau í stað þess að láta náttúru eins og Mbl. vera að rægja sig saman.

P.P.

á vettvangi dagsins

Stjórnsmála-ástandið

eftir Jón Kristjánsson, ritstjóra Austra

■ Fáum dylst að rólegt hefur verið á stjórnsmálasviðinu í sumar, ef undan er skilið innan-flokksdeilur stjórnarandstöðunnar, sem ekki er ætlunin að skýra hér, enda ekki á færi allra að botna í því stjórnsmálastarfi sem þar fer fram. Það er ærið umhugsunarefni, hvornig komið er fyrir stjórnarandstöðinni á Íslandi núna, og hve óhæf hún er að rækja hlutverk sitt, en það er önnur saga.

Þótt ýmsir erfiðleikar séu framundan eru þó jákvæð teikn um árangur stjórnarstefnunnar í efnahagsmálum, og ástæða til

þess að ætla að meginmarkmið hennar í stjórn þeirra náist á þessu ári. Nú hefur náðst það mark, að raunverkir eru í landinu, þar sem innlámsvextir hafa náð verðbólguþigi. Er þetta þýðingarmikið atviki fyrir framvinduina í efnahagsmálum.

Ef ekkert óvænt gerist er útlit fyrir að það markmið náist að verðbólgan fari ekki fram yfir 40% á þessu ári og þrátt fyrir gengisbreytingu á dögnum kostar danska krónan og þýska markið jafnmikið nú og í byrjun árs, og er vart við því að búast að við náum betri árangri í gengis-

málum, en t.d. Þjóðverjar.

Hagstæð gengisþróun dollarans hefur létt undir með útflutningsaðilum sem flytja á Bandaríkjamarkað, en skuggahlíðin á þessari þróun, eru erfiðleikar þeirra iðngreina sem selja til Vestur-Evrópu, og þeim erfiðleikum þarf að mæta.

Nú riður á að fylgja þeim árangri eftir sem náðst hefur með enn frekari aðgerðum á næsta ári, þannig að verðbólgan haldi áfram að lækka. Þótt að 40% verðbólguþigi náist á þessu ári er verðbólgan enn langt ofan við það sem viðunandi má teljast.

Samvinnuhreyfingunni er treyst

eftir Halldór Kristjánsson

■ Ástæða er til að hugleiða umræður þær sem fram fara í blöðum vegna þess að sjávarafurðadeild S.Í.S. kaupir að hluta frystihús í Súgandafirði.

Það er eðlilegur hlutur að skipti um menn. Þegar menn ná eftirlaunaaldri og aldur og þreyta segir til sín er enginn hlutur eðlilegrí en menn vilji losna úr umfangsmiklu starfi eftir langan

starfsdag. Og þá getur vel staðið svo á að ekki sé innan fjölskyldunnar maður sem óskar að halda starfinu áfram. Hver sá sem eitt-hvað veit skil á íslensku atvinnusögu þekkir til eigendaskipta fyrirtækja í einkarekstri. Hann hefur ekki alltaf verið þægilegur eða sársaukalaus fyrir verkafólk á viðkomandi stöðum.

Þeir sem nú eru að hætta á Suð-

ureyri vilja skilja við á þann hátt að framhaldið sé sem tryggast. Þess vegna snúa þeir sér til samvinnuhreyfingarinnar um að taka við og er jafnframt rætt um að eignarhlutur heima manna verði sem mestur. Hreppur og kaupfélag eiga hlut í fiskiðjunni og þeim stendur til bóða að auka sinn hlut. Svipaðst er eftir þátttöku heimamanna á annan hátt. Hér er því

menningarmál

Ofið úr torfi og grjóti

Kjarvalsstaðir. Asta Ólafsdóttir Myndvefnaður.

5. - 20. september. ■ Laugardaginn 5. september opnaði Ása Ólafsdóttir einkasýningu í vesturgangi Kjarvalsstaða, en Ása er annars búsett í Svíþjóð, þar sem hún vinnur einvörðungu að myndvefnaði.

Ása lauk námi frá Myndlista- og handhaskóla Íslands árið 1973 og kenndi síðan myndvefnað við þann skóla í 3 ár. Hún stundaði síðan framhaldsnám í Svíþjóð og er nú kennari við Kursverksamhels Konstscola Göteborgs Universitet.

Úr torfi og grjóti

Þeir sem nærri myndlist koma á einn eða annan hátt, vita að myndgerð er mis tímárek. Það er að segja hver mynd. Að visu má ekki alháfa þetta um of. En maður vorkennir myndhöggvurum, sem eru fyrst og fremst erfiðismenn. Vinna eins og fangar í grjótturði, ellegar verkamenn í járnsmíðju, og maður ber virðingu fyrir elju þeirra og þreki, ekki síður en listinni er þeir skapa.

Nokkuð svipaba sögu er að segja um vefara, þá sem fást við myndvefnað, því ómæld er sú vinna er fer jafnvel í hinar minnstu myndir. Þetta fólk saumar úr sér augun dag og nótt, eftir nokkurra vikna strit, verður til ofurlitil mynd.

Það er líklega þess vegna sem maður ber svo mikla virðingu fyrir einkasýningum á myndvefnaði. Og þótt auðvitað séu slíkar sýningar misjafnar eins og aðrar myndlistarsýningar, þá eru þær sjaldgæfari og því dálitil upplýfting frá öðrum myndlistarsýningum.

Sem að framan segir, þá er Ása Ólafsdóttir nú búsett í Svíþjóð, þar sem hún hefur vinnu og er í



Jónas Guðmundsson skrifar um myndlist.

fullu starfi við myndvefnað.

Það lægi því beinast við að hún helgaði sig hinum skandinaviska skóla, eða þá alþjóðlegri myndhefð. Það gerir hún ekki, því hennar myndir eru íslenskar. Motifin íslensk, úr torfi og grjóti, þótt einnig sé þarna að finna abstraktsjónir, sem eru m jóg góðar, t.d. mynd nr. 2 (vona að ég fari rétt með), þar sem finlegt samspil lita og forma, verða að hugljúfu myndverki.

Torfveggurinn, torfbærinn, fjöllin og túnin, eru höfuðinntakið í þessum verkum. Og nær hún furðu góðum árangri í að lesa fingerð form út úr vegggleðslunni og einföldun hennar á umhverfinu er sannfærandi og frumleg í senn.

Hér fara saman hæfileikar í teikningu og lit, og þótt hún velji sér realisma í vissum skilningi, eru myndir hennar ekki aðeins lýsing á umhverfi, heldur fyrst og fremst myndlistarverk.

Hannyrðir á Íslandi

Í fyrra fíguduðum við íslenskum vefara sem starfar í París, og þar með sér yndislegar myndir, og það er sannarlega gaman að vita